

Vinumarkaður framtíðar – stefna VR

VR vill að félagsmönnum sé tryggt öruggt atvinnuumhverfi í framtíðinni. Félagið stefnir markvisst að því að hafa áhrif á þróun vinnumarkaðarins til framtíðar og koma í veg fyrir að stórar breytingar á vinnumarkaði geti skert hagsmuni félagsmanna. VR sér tækifæri í breytingum í tækni og viðskiptaumhverfi og lítur þær jákvæðum augum.

Helstu áherslur VR er varða framtíð vinnumarkaðarins eru:

1 . Jöfn dreifing gæða

1. VR vill að aukin hagræðing og framleiðniaukning í fyrirtækjum í kjölfar tæknibreytinga skili sér í betri kjörum til starfsfólks og til samfélagsins alls.
2. VR vill að vinnuvika starfsfólks styttest enn frekar án launaskerðingar. Fyrirtæki nýti tækifæri sem skapast í kjölfar hagræðingar sem sjálfvirknivæðing og tækniframfarir stuðla að til þessa að stytta vinnutíma starfsfólks.
3. VR hvetur fyrirtæki sem fara í gegnum tæknibreytingar að gera það með sjálfbæra þróun að leiðarljósi og að breytingar hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið.
4. VR vill að breytingar á atvinnuumhverfi með tilkomu tengihagkerfis, þar sem fólk tekur að sér stök verkefni í stað fastráðningar, skerði ekki atvinnuöryggi og að réttindi starfsfólks séu tryggð.

2. Hagsmunagæsla við breytingar á störfum

1. VR vill að einstaklingar á vinnumarkaði fái aukin tækifæri og hvata til þess að þróa færni sína og læra nýja með sí- og endurmenntun.
2. VR vill að framboð menntunar sé aðlagð að breyttum kröfum og endurspegli færniþörf á vinnumarkaði. VR vill að gerðar séu reglulega spár um færniþörf á vinnumarkaði og þeim fylgt eftir með aðgerðaráætlun.
3. VR vill að fyrirtæki bjóði starfsfólki upp á þjálfun og fræðslu svo það hafi möguleika á starfsþróun og þjálfun í ný störf ef fyrirséð er að störf þeirra taki breytingum í kjölfar tækniframfara og/eða breytts viðskiptaumhverfis.

3. Lýðræðisvæðing í fyrirtækjum (atvinnulýðræði)

1. VR vill að áhrif starfsfólks í stærri fyrirtækjum séu tryggð með stjórnasetu fulltrúa starfsfólks í stjórn fyrirtækisins.
2. VR vill að vitneskja og þekking á lýðræðisvæðingu í fyrirtækjum verði almenn.